



Þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 26. október 2020
Tilv.: SRN20050046/3.14.0

Kæru þátttakendur,

árlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa verður haldinn hátíðlegur sunnudaginn 15. nóvember 2020. Dagurinn er haldinn til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðinni, leiða hugann að ábyrgð hvers og eins í umferðinni, en ekki hvað síst til að þakka þeim viðbragðsaðilum sem veita hjálp og björgun.

Minningardagurinn er alþjóðlegur undir merkjum Sameinuðu þjóðanna sem hafa tileinkað þriðja sunnudag í nóvember þessari minningu. Um það bil 4.000 einstaklingar láta lífið og hundruð þúsunda slasast í umferðinni í heiminum á degi hverjum.

Að þessu sinni verður minningardagurinn sniðinn að sérstökum aðstæðum í samfélaginu. Í stað hinnar árlegu minningarstundar við þyrlupallinn við Landspítalann í Fossvogi verður árvekníatak í samfélaginu um umferðaröryggi dagana 13.-15. nóvember 2020. Minningarviðburðir verða um land allt og fjallað um mikilvæg málefni tengd umferðaröryggi í fjölmiðlum, myndböndum og umræðum á samfélagsmiðlum.

Bryddað verður upp á þeirri nýbreytni að hafa sérstakt einkennislag dagsins. Einkennislagið verður lag Kristjáns Kristjánssonar, KK, *When I think of angels*, í flutningi hans og systur hans Ellenar Kristjánsdóttur. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992. Lagið verður flutt samtímis á öllum útvarpsstöðum á minningardaginn sjálfan kl. 14:00.

Forseti Íslands mun ávarpa þjóðina í sérstöku myndbandi sem deilt verður, m.a. á vefmiðlum. Áhrifamikilið viðtal við Óskar Sólmundarson, mun birtast í fjölmiðlum þessa helgi. Ég mun einnig koma á framfæri skilaboðum þennan dag en því miður þekki ég af eigin raun hvernig það er að missa nákomna ættingja í umferðarslysi.

Að kvöldi minningardagsins kl. 19:00 munu hjálparsvéitir á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, ásamt fleiri viðbragðsaðilum, standa fyrir táknrænum minningarathöfnum um allt land í beinni vefútsendingu til að minnast fórnarlamba umferðarslysa. Kveikt verður á kertum hringinn í kringum landið af þessu tilefni.

Rík hefð er fyrir því á minningardeginum að færa starfsstéttum, sem annast björgun og aðhlyningu þegar umferðarslys verður, þakkir fyrir mikilvægt og óeigingjarnt starf.

Við þökkum ykkur kærlega fyrir framlag ykkar og þátttöku í minningardegi undanfarinna ára. Enda

þótt fyrirkomulag minningardagsins verði með öðru sniði í ár, treystum við því að þið munið hér eftir sem hingað til gera allt sem í ykkar valdi stendur til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðarslysum.

Ég óska okkur öllum góðs gengis við að auka öryggi í umferðinni.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'M. J. J. J.', written in a cursive style.